

8. gr.

12

26. febr.

Styrk úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eru í henni stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur og 2 fjelagsmenn aðrir, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi fjelagsins. Um styrkveitingar skal sækja fyrir hver árslok, og eiga umsóknarbrjefum að fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjenda. Sje styrkur veittur skal því lokið, og honum úthlutað, fyrir aðalfund Verkstjórafélags Reykjavíkur ár hvert.

Nú verður svo ástatt um fjelagsmann, eða konu hans eða börn, vegna sérstakra óhappa af veikindum, slysum eða dauða, að nefndinni virðist bráð þörf á skjótri hjálp, en of langt að bíða næstu árlegrar styrksúthlutunar. Er nefndinni þá heimilt að veita styrk þá þegar, en leita skal hún þó áður samþykkis aukafundar í fjelaginu.

9. gr.

Skyldi svo fara að Verkstjórafélag Reykjavíkur leystist upp, skal sjóðurinn ganga til Ekknasjóðs Reykjavíkur svo framarlega sem hann þá er enn til og starfandi. En sje hann undir lok liðinn skal sjóðnum varið til styrktar stofnunar eða starfrækslu gamalmennahælis í Reykjavík. Sje það þá enn óstofnað, afhendist sjóðurinn bæjarstjórn Reykjavíkur til geymslu og ávöxtunar samkv. skipulagskrá þessari þartil, nefnt hæli verður stofnað.

10. gr.

Á skipulagskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Skipulagskrá þessi er þannig samþykkt á fundi Verkstjórafélags Reykjavíkur

12. des. 1920.

Reykjavík, 31. des. 1920.

Í stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur:

Bjarni Pjetursson

Jón Jónatansson.

Jóhannes Hjartarson.

Gjaldskrá

fyrir

notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin á gjaldskránni skal vera yfir árið, auk gjalds þess er síðar getur:

Fyrir 1 ljós 16 kerta kr.	7,00
— 2 — — — —	13,00
— 3 — — — —	19,00
— 4 — — — —	25,00
— 5 — — — —	30,00

Síðan 5 krónur að auki fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 4 krónur fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir.

13

3. mars.

13

Þegar ljósmagn það sem hvert hús vill fá er talið saman í 16 kerta ljós, skal ¹/₃ mars. ljóss slept, en ³/₄ ljóss reiknað sem heilt; hálf ljós reiknað sem hálf.

Bæjarstjórn er heimilt að færa gjald þetta niður alt að helmingi fyrir þau hús, sem nota ljósin minna en hálfan ljóstíma ársins.

Verð á rafmagni til ljósa á götum, bryggjum og fiskhúsum kaupstaðarins skal vera hið sama eftir ljósmagni eins og að ofan er ákveðið; en bæjarstjórn hefir hina sömu heimild til niðurfærslu, alt að helmingi, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Auk þess gjalds, sem um getur í fyrstu grein þessarar gjaldskrár, greiða sömu notendur, þeir er fá rafmagn um mæli, 70 aura fyrir hverja kilowattstund.

3. gr.

Aðrir þeir, er gjald eiga að greiða samkvæmt 1. gr., en ekki hafa mæla, skulu greiða gjaldið samkvæmt 1. gr. þrefalt.

Þó skulu allir notendur greiða ljósgjald samkvæmt 2. gr. eftir 1. júlí 1921, og rafmagn eftir þann tíma eingöngu selt um mæla.

4. gr.

Verð á rafmagni til suðu eða hitunar, eða til vjelareksturs, verður ákveðið með samningi fyrir hvern sjerstakan notanda, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

5. gr.

Árið reiknast frá nýjári til nýjárs, og ljósgjaldið greiðist í tvennulagi. Fyrri helmingur gjaldsins greiðist fyrir 1. mars, en síðari helmingurinn fyrir 1. október ár hvert.

Taka má öll gjöld rafmagnsstöðvar lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um alt að 50%, en þó skal slíkt auglýst í kaupstaðnum á venjulegann hátt einum mánuði fyrir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 3. mars 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.